



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndarsvið Alþingis
bt. Atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2015

Tilv.: 1505007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (verðsamráð í mjólkuriðnaði), 292. mál.

Í frumvarpi til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum (verðsamráð í mjólkuriðnaði), 292. mál, er lagt til að undanþágur frá samkeppnislögum er varða samráð, samruna og verðtilfærslu í mjólkuriðnaði verði felldar úr lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99/1993, með síðari breytingum (búvörulög). Um er að ræða 3. mgr. 13. gr. og 71. gr. laganna verði felldar brott.

Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað fjallað um skaðsemi framangreindra lagagreina í álitum, umsögnum, ákvörðunum og skýrslum og bent á nauðsyn þessa að þær verði felldar brott úr búvörulögum. Vakin var athygli á framangreindu síðast í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði, staða samkeppninnar 2015*, þar sem minnt var á fyrri ábendingar þess efnis.

Í 3. mgr. 13. gr. búvörulaga segir: „Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að gera samninga sín á milli um verðtilfærslu milli tiltekinna afurða. Leggja skal slíkan samning fyrir verðlagsnefnd til upplýsinga.“

Í 71. gr. segir: „Þrátt fyrir ákvæði samkeppnislaga er afurðastöðvum í mjólkuriðnaði heimilt að sameinast, gera með sér samkomulag um verkaskiptingu milli mjólkursamlaga að því er varðar framleiðslu einstakra mjólkurvara og hafa með sér annars konar samstarf til þess að halda niðri kostnaði við framleiðslu, geymslu og dreifingu mjólkurafurða.“

Framangreindar lagagreinar hafa veitt ráðandi aðilum í vinnslu mjólkurafurða svigrúm til þess að styrkja stöðu sína gagnvart bændum og minni keppinautum á markaði án atbeina samkeppnisyfirvalda. Tilgangur framangreindra ákvæða, sem sett voru í búvörulög á árinu 2004, voru að efla hagræðingu í mjólkuriðnaði og tryggja framleiðendum og neytendum sanngjarnt verð. Sú leið sem valin var til að ná þessu markmiði var að heimila mjólkursamlögum að grípa til samkeppnishamla. Að mati Samkeppniseftirlitsins vinnur sú aðgerð gegn því að framangreint markmið löggjafans



náist. Eins og dæmin sanna hefur skammvinn samkeppni smærri aðila á markaði haft jákvæð áhrif á afurðaverð til bænda og lækkað verð. Í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2006, *Opinberar samkeppnishömlur í mjólkuriðnaði*, kom m.a. fram að sú samkeppni sem Mjólka ehf. veitti afurðastöðvum innan Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði gerði það að verkum að verð til framleiðenda mjólkur varð þeim mun hagstæðara svo og var verð neytenda lægra. Ítrekuð voru framangreind jákvæð áhrif af innkomu Mjólku í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2009, *Skadleg samþjöppun í mjólkuriðnaði og áhrif búvörulaga á samkeppni*. Þrátt fyrir framangreind jákvæð teikn á markaði vegna aukinnar samkeppni skorti Samkeppniseftirlitinu heimild vegna 71. gr. búvörulaga til þess að grípa til íhlutunar á samruna Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Mjólku ehf. sem síðar varð. Um það er fjallað í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 40/2009, *Samruni Kaupfélags Skagfirðinga svf. og Mjólku ehf./Eyjabú ehf.*

Virk samkeppni er skilvirkasta aðferðin til þess að stuðla að hagkvæmum rekstri og auka samkeppnishæfni fyrirtækja. Fyrirtæki sem eru undir aga samkeppninnar hafa mestan hvata til þess að bæta rekstur sinn og þróa nýjar og betri vörur. Samkeppni milli fyrirtækja um kaup á hráefni stuðlar að því að framleiðendur fái sanngjarnt verð fyrir afurðir sínar og samkeppni í endursölu kemur neytendum til góða. Samkeppniseftirlitið er því sem fyrr fylgjandi því að 3. mgr. 13. gr. og 71. gr. laganna verði felldar brott úr búvörulögum.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Birgir Óli Einarsson